

Athugasemdir við Fjármálaáætlun 2018-2022, mál nr. 402.

Dags 21. apríl 2017.

Unnur Svavarsdótti, kt 121165-3179

Fyrir hönd ferðaskrifstofunnar GoNorth ehf, kt 480710-0370, geri ég eftirfarandi athugasemdir við fjármálaáætlun 2018-2022, mál nr 402.

Í fyrirbyggjandi fjármálaáætlun er boðað að tvöfalda virðisaukaskatt á stóran hluta ferðaþjónustannar, með því að færa flesta þætti ferðaþjónustu í efra þrep virðisaukaskatts frá 1.júlí 2018. Þessi breyting verður þá gerð aðeins tveim og hálfu ári eftir að margir þættir ferðaþjónustu voru teknir inn í virðisaukaskatt kerfið, en sú breyting var gerð 1.janúar 2016.

Mitt fyrirtæki, GoNorth, var stofnað árið 2010, en frá þeim tíma höfum við farið í gengum fjórar skattabreytingar í okkar rekstrar umhverfi, og ef af verður að færa ferðaþjónustu í efra þrep virðisaukaskatts á miðju ári 2018 og lækka svo það þrep í ársbyrjun 2019, þá verða skattbreytingar orðnar sex og breyting á hverju ári frá 2015 til 2019.

Þessar breytingar eru:

- Innleiðing gistináttgjalds árið 2012.
- Árið 2015 breyttis prósentu virðisaukaskatts á td gistingu úr 7% í 11% (og fyrirvarinn var um 2 vikur).
- Árið 2016 innleiðing virðisaukaskatts á alla þætti ferðaþjónustu að innanlandsflugi undanskildu.
- Árið 2017 hækkun á gistináttgjaldi frá 1.september 2017.
- Árið 2018 flutningur flestra þátta ferðaþjónustu í efra þrep virðisaukaskatts á miðju ári.
- Árið 2019 breyting á prósentu virðisaukaskatts.

Allar þessar skattabreytingar, ásamt kostnaðarhækkunum s.s. launahækkunar, skilar sér beint út í verðlag á ferðum okkar sem viljum stunda heiðarleg viðskipti og fara að lögum og reglum. Það hefur lengi verið um talað að töluvert sé af svartri starfsemi í ferðaþjónustu, aðilar komast upp með það að bjóða þjónustu sína á eigin heimasíðum og erlendum sölusíðum, án þess að vera með tilskilin leyfi og án þess að skila virðisaukaskatti. Ég var ein þeirra sem studdi það að öll ferðaþjónusta færi inn í virðisaukakerfið í ársbyrjun 2016, því vonir stóðu til að þá yrði fastar tekið á leyfislausri strafsemi. Því miður er ekki að sjá nein áform um það, heldur ýtir fyrirhuguð tvöföldun á virðisaukaskatti stórs hluta ferðaþjónustu enn frekar undir muninn á þeirri þjónustu sem seld er „svart“ og okkar þjónustu, þar sem við viljum vinna í samræmi við lög.

Einföldun skattkerfis er nefnt sem rök fyrir tvöföldun virðisaukaskattsins, en þetta verður ekki einföldun fyrir okkar rekstur.

Hefðbundin ferð um Ísland inniheldur marga þjónustu þætti, bílaleigupakki innifelur til dæmis: bílaleigubíl (nú í 24% vsk), gistingu (11% vsk), kvöldverð á veitingahúsi (11% vsk), innanlandsflug (0% vsk). Þarna erum við að vinna með þrjú þrep virðisaukaskatts. Eins og fyrirhugaðar breytingar hafa verið kynntar þá verður umhverkið okkar eftir 1.júlí 2018: bílaleigubíl (nú í 24% vsk), gistingu (24% vsk), kvöldverð á veitingahúsi (11% vsk), innanlandsflug (0% vsk), áfram þrjú þrep, hvar er einföldunin?

Því miður virðist sem greining á áhrifum fyrirhugaðra breytinga sé af mjög skorum skamti og alls ekki unnin í samræði við greinina.

Ég óttast að tvöföldun á virðisaukaskatti komi hart niður á afkomu okkar sem viljum vinna í samræmi við lög og reglur, og ýti undir svarta starfsemi.

Afcoma í ferðaþjónustu er nú þegar erfið vegna sterkrar krónu, en sölusamningar okkar eru í erlendri mynt (og við höfum ekki fullt frelsi til gjaldeyris sölu eða kaupa) og samningar eru gerðir langt fram í tímann. Greining á ársreikningum ferðaþjónustufyrirtækja árið 2016 væri að mínu mati eitt af mikilvægum þáttum áður en svona miklar breytingar eru innleiddar.

Að lokum langar mig að benda á að ef það er markmið ríkisstjórnarinnar að stýra fjölda ferðamanna til landsins, þá eru margar og augljósari leiðir til þess. Ísland er eyja, ríkisstjórnin og sveitastjórnir stýra öllum gáttum inn í landið, flugvöllum og höfnum og það ætti því að vera nokkuð einfalt að stýra því hvert framboðið af sætum inn í landið er.

Ég vona að fyrirhuguð tvöföldun á virðisaukaskatti á ferðaþjónustu verði ekki að veruleika og greinin fái stöðugleika til að dafna og ná jafnvægi.

Virðingarfyllt,



Unnur Svavarsdóttir
Framkvæmdastjóri
GoNorth ehf